

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 128/433**  
**komudagur 3.12.2002**



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis,  
Efnahags- og viðskiptanefnd,  
Þórshamri v/Templarasund,  
150 Reykjavík

Reykjavík 2. desember 2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981 með síðari breytingum, mál 324.

Frumvarpið, sem er í 14 greinum, kveður á um ýmsar breytingar á lögnum verði það samþykkt óbreytt. Megnið af breytingunum eru afleiðingar breyttra tíma þó er að finna breytingar sem hafa veruleg áhrif á viðkomandi.

Í 2. gr. er lagt til að 31. gr. verði breytt þannig að hægt sé að nýta rekstrartöp í tíu ár í stað 8 eins og lögin kveða á um. Í 13. gr. er kveðið á um að sérstakur tekjuskattur einstaklinga verði framlengdur um eitt ár en lækkaður úr 7% í 5% en tekjumörkin hækkuð um 2,75%.

Vélstjórafélag Íslands leggst gegn báðum þessum breytingum en hefur ekki fram að færa athugasemdir við annað í frumvarpinu.

Virðingarfyllt,  
f.h. Vélstjórafélags Íslands

Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!